



Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Kaplakriki • 220 Hafnarfjörður • Sími 550 4050 • Fax 565 4714 • Stofnað 15. október 1929

Valdimar Víðisson
Orri Björnsson
bt. bæjarráðs Hafnarfjarðar

Efni: Beiðni um kaup Hafnarfjarðarbæjar á búningshúsi við knatthúsið Skessuna í Kaplakrika

Undirritaður, fyrir hönd Fimleikafélags Hafnarfjarðar, óskar hér með eftir því að Hafnarfjarðarbær kaupi af félaginu búningshús Skessunnar, mhl. 12-01-02, fasteignanúmer F2509055. Stærð húsnæðisins er 300,6 fermetrar.

Við uppbyggingu knatthússins Skessunnar var upphaflega ekki gert ráð fyrir sérstakri búnings- og þjónustuaðstöðu fyrir iðkendur og starfsemi hússins. Fljótlega varð þó ljóst að slík aðstaða væri nauðsynleg forsenda eðlilegrar starfsemi mannvirkisins, enda þjónar húsið gríðarlegum fjölda iðkenda á degi hverjum og er jafnframt ótengt öðrum byggingum á svæðinu í Kaplakrika.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar réðst því í uppbyggingu aðstöðunnar með hagkvæmum og skynsamlegum hætti til að mæta þeirri brýnu þörf sem skapast hafði. Reynslan hefur sýnt að framkvæmdin var bæði nauðsynleg og farsæl fyrir daglega starfsemi hússins og þjónustu við iðkendur.

Fjárhagsleg byrði framkvæmdarinnar hefur hins vegar reynst félaginu þung. Félagið telur því eðlilegt og nauðsynlegt að Hafnarfjarðarbær komi að málinu með sambærilegum hætti og gert hefur verið varðandi önnur íþróttamannvirki í bænum. Sambærileg aðstaða hefur almennt verið talin sjálfsagður hluti af uppbyggingu íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins og er hér því einungis óskað eftir sambærilegri meðferð.

Óskað er eftir að kaupverð eignarinnar verði kr. 270.810.000,-
(tvö hundruð og sjötíu milljónir áttahundruð og tíu þúsund krónur 00/100).

Vonast er til að bæjarráð taki erindinu jákvætt og stuðli þannig að áframhaldandi öflugri íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Hafnarfirði.

Virðingarfyllt,

Viðar Halldórsson

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar